

# Hvert barn er sinn eigin kór

Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu Reykjavíkurborgar og RannUng í

Borgarleikhúsinu þann 18 apríl 2008

Kristín Dýrfjörð, lektor við HA

Fyrirlesturinn skiptist í meginráttum í tvo hluta. Í þeim fyrri fjalla ég um lýðræði, gerð verður grein fyrir kenningu um Nussbaum um lýðræði og hún tengd leikskólastarfi. Í seinni hluta verður fjallað um uppeldisfræði hlustunar, sérstaklega er litið til hugmyndafræði tengdri hlustun sem rakin er til leikskólastarfs í borginni Reggio Emilia á Ítalíu. Meðal annars skoða ég muninn á því að hlusta – og því að vera strengjabrúða þessarar sömu hlustunar. Dregin er upp mynd af hvernig leikskólakennari getur nýtt sér uppeldisfræði hlustunar til að þróa starfið með börnunum.

## Lýðræði

Eitt grunnstef íslensks leikskólastarfs hefur frá upphafi verið lýðræði, þess má sjá stað í stofnsamþykkt Barnavinarfélags Sumargjafar frá því í apríl 1924, en þar segir; að meðal þess sem félagið ætli sér: „sé að stuðla að andlegri og líkamlegri heilbrigði og þroska barna“ (Gils Guðmundsson, 1949 bls. 18). Ef horft er á markmið þetta, í ljósi þess hvernig ýmsir skilgreina nauðsynleg skilyrði þess að lýðræði geti þrífist, þá er ljóst að verið var slá ákveðinn grunntón, tón sem síðan hefur ómað inn í lög og reglugerðir um leikskólastarf. En hitt er ekki ómerkilegra, að það eitt að konur tóku höndum saman til að knýja á um mannréttindi til handa börnum er í sjálfu sér merkilegt lýðræðislegt framtak. Í lögum um leikskóla (nr.78/1994) er lýðræðisáherslan sterk. Þeirri áherslu er fylgt eftir í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999) en hana mátti líka finna í *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* frá 1985. Aðalnámskrá er verk síns tíma og sjálfsagt umdeilanleg, hinsvegar má telja að hin sterka áhersla á lýðræði, hlustun og virðingu, sem þar er að finna hafi staðist tímans tönn.

Það er áhugavert að skoða *Aðalnámskrá leikskóla* í ljósi hugmynda bandarísku fræðikonunnar Mörtu Nussbaum (2000) um það sem hún nefnir *kjarna mennskunnar*. Nussbaum telur að hægt sé að setja fram lista með **nauðsynlegum skilyrðum um hæfni eða möguleika sem hver manneskja hefur rétt til**. Skilyrði sem saman móta það sem nefna mætti kjarna mennskunnar og eru undirstaða lýðræðis og réttláts þjóðfélags. Nussbaum bendir jafnframt á að

KD 18 apríl 2008

Þessi eða slíkir listar um *nauðsynleg skilyrði* séu og geti ekki verið tæmandi. Ekki er ætlunin að gera grein fyrir öllum *nauðsynlegum skilyrðum* Nussbaum. Fyrst og fremst verða skoðuð atriði sem ég tengi beint starfi leikskóla og því sem nefnt hefur verið uppeldisfræði hlustunar. Í þessari umfjöllun verður öðrum atriðum sleppt en áhugasömum bent á að kynn sér skrif Nussbaum.

Meðal þess sem Nussbaum telur nauðsynlegt er að hvert manneskja hafi möguleika til að þroska:

- Skynfæri, hugmyndaflug og hugsun:
  - Að geta nýtt skynfæri sín, til að ímynda sér, hugsa og íhuga – og hafa sannarlega tækifæri til þess á mannlegan hátt sem byggir á fullnægjandi menntun.
  - Að geta nýtt ímyndunarafl og hugsanir í tengslum við reynslu og geta sett reynslu sína fram í verkefnum byggðum á eigin vali.
  - Að hafa möguleika til að leita að merkingu í lífinu á eigin hátt.
- Tilfinningar:
  - Að geta tengst hlutum og fólki utan við eigið sjálf.
  - Að geta elskað þá sem bera umhyggju fyrir okkur og annast okkur.
  - Almennt að geta elskað, saknað, syrgt, átt langanir og þrár og sýnt bæði þakklæti og réttláta reiði. Að þurfa ekki að búa við hræðslu og angist.
- Hagnýt skynsemi: Að búa yfir hugmynd um hið góða og að vera þátttakandi í gagnrýninni í grundun um eigið líf.
- Tengsl:
  - Að geta lifað í sátt og samlyndi við sjálfan sig og aðra. Að sýna öðrum umhyggju, að vera þátttakandi í félagslegum samskiptum, geta sett sig í spor annarra og sýnt þeim samkennd. Að geta auðsýnt bæði réttlæti og vináttu.

Nussbaum telur að samfélagið beri ábyrgð á því að halda utan um og vernda þessa möguleika. Það sé meðal annars gert með því að standa vörð um stofnanir sem hafa framangreind gildi að leiðarljósi. Telja má að flestir leikskólakennarar séu að miklu leyti sammála um hvað einkenni góðan leikskóla. Sennilegt er að sú sýn sem þeir hafa til hvernig góður leikskóli á að vera, sé í stórum dráttum í takt við fyrrgreind skilyrði Nussbaum. En skilyrðin eru fleiri:

- Að bera virðingu fyrir sjálfum sér og lifa ekki við skömm. Að komið sé fram við þann sem í hlut á af virðingu og jafnrétti.
- Aðrar tegundir: Að geta lifað í sátt og samlyndi við náttúruna, bæði dýr og plöntur.

- Leikur: Að geta leikið, hlegið og tekið þátt í endurnærandi athöfnum.

Nussbaum álitur að þegar verið sé að velja vinnubrögð og nálganir fyrir stofnanir samfélagsins, þær stofnanir sem okkur ber að verja og styrkja, verði að gera þá kröfu að þær fullnægi lágmarksréttindum hvers einstaklings til að geta uppfyllt eigin möguleika. Nú er hægt að velta fyrir sér hvort og hvernig leikskólum takist það almennt. Hægt er að spyrja:

- Standa allir leikskólar jafn vel um þau réttindi sem kjarni mennskunnar byggir á?
- Hvaða tækifæri er börnum búin til að ímynda sér, hugsa og íhuga, að nota ímyndunarafli og hugsanir í tengslum við eigin reynslu.
- Er börnum gert kleift að vinna að verkefnum byggðum á eigin reynslu? Eða getur verið að það sé reynsla og val leikskólakennara sem ráði mestu um þau verkefni sem unnið er að í leikskólanum á hverjum tíma?

Til að geta svarað spurningum sem þessum verða leikskólakennarar að búa yfir tækni til að hlusta. Hlusta á þær raddir sem heyrast í barnahópnum, að fylgja þeim þráðum sem þar koma fram. Með því er ekki átt við að þræði hvers einstaks barns sé fylgt, miklu fremur að það sé gert á sameiginlegum grundvelli. Carlina Rinaldi<sup>1</sup> (2008), segir að *barnið fyrst barn*. Hún bendir á að til að geta kynnst barninu, læra að þekkja það og hugmyndir þess þá verðum við að kynnst því hvernig það er í samskiptum við *aðra*. Aðrir eru í því samhengi, fyrst og fremst fólk, en líka vindurinn, fuglarnir og frelsið.

### **Einstaklingsmiðað nám**

Það er hægt að velta fyrir sér, hvort að sú leið sem virðist eiga mikinn hljómgrunn nú um stundir, að miða allt nám og starf í leikskólanum að einstaklingum, sé endilega æskilegt. Að það að horfa fyrst og fremst á þarfir og væntingar einstaklinga sé vænlegt fyrir framtíð lýðræðis. Hægt að velta því fyrir sér hvort að í raun sé með því verið að hygla einstaklingshyggjunni og samtímis ýta undir firringu samfélagsins. Að með aukinni áherslu á að hvert og eitt barn eigi að fá sína eigin námskrá, að hverju barni sé sett sérstök námsmarkið sé í raun og rétti verið að ýta undir þá tilhneigingu sem virðist vera víða í samfélaginu, **að hver skuli sjá um sig**. Varla var það hugsunin á bak við það sem í grunnskólanum kallast einstaklingsmiðað nám og í leikskólunum nefndist lengstum *að starfið ætti að hæfa aldri og þroska*.

---

<sup>1</sup> Carlina Rinaldi er núverandi uppeldislegur leiðtogi og málsvari starfsins í Reggio Emilia

Varla var ætlunin að draga úr tilfinningu barna og ungmenna fyrir sameignlegri ábyrgð og samstöðu? Áður var ég stundum spurð að því hvort ég gæti gefið hin og þessi ráð um börn og barnauppeldi. Mitt svar var gjarnan að ég væri fyrst og fremst sérfræðingur í að ala upp einstaklinga í hóp. Að þrátt fyrir að vera einstaklingur er leikskólabarnið líka og ávallt hluti af stærra samhengi, af stærri hóp. Það má enginn misskilja mig sem svo að ég sé alfarið andsnúin einstaklingsmiðun, þvert á móti, tel ég mikilvægt að þekkja hvert barn, að við þekkja áhugamál þess og styrk. Að það sé skylda leikskólakennari að leggja sig fram um að kynnast hverju barni sem best. En samtímis trúi ég því að ef leikskólakennarar þjálfá sig í að horfa á leikskólastarfið í stærra samhengi, að horfa á barnið í sínu félagslega umhverfi, þá náist það að hvert barn fái að njóta eiginleika sinna. Við þurfum hins vegar að læra að sjá barnið í hópnum. Þurfum að læra að horfa á hvert einstakt tré í skóginum bæði sem sérstakt en líka samtímis sem eitt þeirra trjáa sem með öðrum myndar heilan skóg. Með því ýtum við undir að hvert og eitt okkar er mismunandi, að ég er jafn mismunandi frá þér og þú ert frá mér.

Í leikskólum í Reggio Emilia á er yfirleitt ekki sett fram eða hengd upp verkefni sem tengist einstöku barni á sameiginlegum svæðum í leikskólanum. Af hverju er það? spurði einhver. Svárið var að sameiginleg svæði eru sameign allra. Það sem þar er sett á þess vegna að vera fulltrúi margra, ekki endilega allra, en eitthvað sem *flestir geta samsamað sig*.

Að hlusta felst í því að hlusta á hvert barn en það felst ekki í því að elta allar, hugmyndir eða væntingar allra barna.

- Að hlusta – felst í því að finna sameiginlegan samnefnara til að vinna með, að ögra börnum og gefa þeim tækifæri til að gera eins vel og hvert þeirra er fært um.
- Að hlusta, felur í sér að byggja upp starf sem byggir á almennum lýðræðislegum gildum sem ná til allra. Gildi eins og þau vitnaði er til hér að framan.

Lög um leikskóla gera ráð fyrir því að í leikskólum sé stöðir lýðræðisins styrktar og í þeim anda, er í aðalnámskrá, kveðið á um að lýðræðisleg vinnubrögð. Athugulir sjá að listi Nussbaum um *kjarna mennskunnar*, um það sem hún telur nálgast það að vera nauðsynleg félagsleg skilyrði fyrir réttlátu þjóðfélagi, tengist hugmyndafræði og vinnubrögðum flestra leikskóla sterklega. Það er sterkur samhljómur með því sem margir telja einkenna gott leikskólastarf. En það er ekki nóg að slík skilyrði séu að finna og þeirra getið í hinu formlega umhverfi leikskólans í opinberum stefnum og námskrám. Hver og einn leikskóli verður líka að móta sína starfshætti þannig að lýðræðisleg gildi séu og verði höfð að leiðarljósi. Það er þeirra skylda og það er réttur barna og

KD 18 apríl 2008

samfélagsins sem treystir leikskólanum fyrir börnum sínum. Svo vitnað sé í aðalnámskrá þá er samhljóm þennan við lýðræðið að finna í setningum eins og:

Barn lærir annað og með öðrum hætti í samskiptum sínum við önnur börn en í samskiptum sínum við fullorðna. Í hópi jafnaldra fá börnin tækifæri til að láta til sín taka, eiga frumkvæði, leika sér og starfa og deila gleði með öðrum. Þau líkja hvert eftir öðru og hjálpast að og vinátta skapast.

Í leik lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars. Í leik lærir barn samskiptareglur og að virða rétt annarra.

Samræður, sem byggjast á opnum spurningum þar sem svarið krefst íhugunar, örva gagnrýna hugsun. Hvetja þarf börn til að færa rök fyrir máli sínu.

Í leikskóla á að kenna barni lýðræðisleg vinnubrögð. Það skal taka þátt í áætlanagerð, ákvörðunum og mati. Ræða þarf við barnið um ýmis áform sem varða það og um áhugamál þess. Það þarf að finna að tillit sé tekið til óska þess og álits. (Aðalnámskrá leikskóla, 1999 )

Vel að merkja - þetta eru aðeins örfá dæmi úr *Aðalnámskrá leikskóla*. Þau eru mýmörg og áherslur tengdar lýðræði eru í raun undirliggjandi í flestum köflum hennar. Og jafnvel þó hægt sé að gagnrýna *Aðalnámskrá leikskóla* fyrir ýmislegt, þá tel ég að þarna sé styrk hennar að finna.

Það eru fleiri fræðimenn sem tengja saman lýðræði og sköpun. Einn þeirra er Peter Moss (2007) en hann telur að meginrök þess að lýðræðisleg vinnubrögð verði að vera til staðar í leikskólum sé að þau ýti undir mögulegan menningarlegan fjölbreytileika. Með lýðræðislegum vinnubrögðum er það viðhorf stutt og því fagnað að hvert og eitt okkar er mismunandi. Vegna þess að lýðræði; það hvetur til skapandi hugsunar og nýrra leiða í leikskólastarfi.

Moss (2007) telur að leikskólakennarar verði að nota þekkingu sína á lýðræði til að meta áhrif þess sem á sér stað innan leikskólans, meta áhrif þess ekki bara hér og nú heldur á samfélagið til lengri tíma. Í framhaldi þeirrar skoðunar beri okkur skylda til að taka ákvarðanir um starf og starfshætti sem stuðli að jöfnuði og réttlátu þjóðfélagi. Moss hefur hins vegar áhyggjur af áhrifum nýfrjálsbyggjunnar á starf leikskóla. Þar sem áherslan er fyrst og fremst á

KD 18 apríl 2008

fyrirframgefinn árangur og skilvirkni. Áhrif sem Ball (2001) telur reyndar einkenna allt skólakerfið, frá leikskóla til háskóla. Giroux (2005) hefur áhyggjur af afdrifum lýðræðis í skólum, hann telur að forvígismenn nýfrjálshyggjunnar vinni markvisst að því að eyða úr skólum gagnrýninni hugsun og vinna að hugsun þýsins. Leið til þess sé m.a. að krefjast síflett aukinnar skilvirkni og það að meta allt skólastarf í krónum og aurum.

Margir leikskólar á Íslandi segja að þeir vinna í anda lýðræðishefðar John Dewey. Í slíkum skólum eiga börn að vera þátttakendur í að móta eigin veröld, veröld þar sem rödd þeirra hljómar og á hana hlustað. Dewey taldi að með því væri börnum gert kleift að þroska eigin mennsku í gegnum sammannlega reynslu Cuffaro (1995) bendir á að Dewey hafi lagt áherslu á; *hæfileika barna og möguleika þeirra til þroska*. Í þessu tvennu felist meðal annars framtíð lýðræðisins. Kennarar geti haft mikil áhrif á þessa þætti meðal annars í gegnum skipulag á umhverfinu. Því sé hlutverk þeirra óumdeilanlegt.

### **Uppeldisfræði hlustunnar – uppeldisfræðileg skráning**

Heiti kaflans, *Hvert barn er sinn eigin kór*, er tilvísun í frægt ljóð um börn og hæfileika þeirra eftir Loris Malaguzzi (1988) en hann segir að **Barnið fæðist með hundrað mál en níutíu og níu séu frá því tekin**. Í Reggio Emilia er fólk upptekið að því að tengja leikskólastarf menningu, að skólarnir endurspegli þá menningu sem fólk hefur komið sér saman um að skipti máli. Ekki hvaða menningu sem er, heldur þá sem viðkomandi telja vert að halda í, varðveita og þróa. Á Íslandi hefur löngum verið sterk sönghefð - margir hafa verið og eru í kór. Í kór eru margar raddir og mörg hlutverk. Tilvísun mín í að hvert barn sé sinn eigin kór er tilvísun til þessa. Að hvert barn hafi margar raddir, það er hins vegar okkar að hlusta. Þegar hundrað raddir hljóma, er það vissulega kórsöngur.

Ef leikskólakennari trúir því að hvert barn hafi margar raddir, hlýtur hann að þurfa að búa yfir tækjum til að hlusta á þessar raddir, að búa yfir þekkingu til að nota þau, að búa yfir næmni til að sjá og grípa þau tækifæri sem birtast á hverjum degi. Leikskólakennarar þurfa að kunna að hlusta, en líka að ígrunda það sem þeir heyri, sjá og skynja. Þeir verða að geta lesið í og lært af þeim skráningum sem þeir gera. Þurfa að geta notað þær til að dýpka þekkingu sína á aðstæðum og persónuleika einstaka barns. Þeir verða að geta notað skráningar til þess að dýpka nám barna, til að móta umhverfi og námstækifæri.

KD 18 apríl 2008

Til þess að skráningar komi að slíku gangi þarf samvinnu. Til þess þurfa leikskólakennarar að hafa í heiðri að til að þróa starf leikskóla verður að ríkja samvinna þar, hún er nauðsynlegt skilyrði. Í *Aðalnámskrá leikskóla* er kveðið á um að í leikskólum eigi uppeldisleg skráning á starfinu að fara fram. En þar segir:

Leikskólakennari þarf að ætla sér tíma til **uppeldislegra athugana og skráningar** á atferli barns, bæði þegar það er eitt og í samspili við barnahóp. (*Aðalnámskrá leikskóla*, bls. 14 [leturbreyting mín])

Þegar Rinaldi var spurð um tengsl starfsins í Reggio Emilia við tímann, sagði hún hann nauðsynlega forsendu skólastarfsins. Að til að geta myndað samband við annað fólk, samband sem skipti máli þyrfti að gefa því tíma. Eitt markmið leikskóla er að hann sé staður þar sem fólk (á öllum aldri) á í innhaldsríkum samskiptum og sambandi hvert við annað. Skólar sem hafa það á dagskrá að styrkja samveru, samskipti og að náíð samband myndist á milli þeirra sem þar eru, í slíkum skóla er gefinn tími, tími fyrir börn, tími fyrir kennara, tími fyrir verkefni, tími til að vera vinir og tími til að takast á við árekstra sem móta okkur, tími til að vera öðruvísi (Dahlberg og Moss, 2007).

Stundum þegar ég ræði við íslenska leikskólakennara um skráningar er **tíminn einmitt nefndur sem eitt af því sem stendur í vegi skráninga**. Þegar ég heyri það, velti ég því fyrir mér hvort að það geti verið vegna þess hvernig við ráðstöfum honum, hvernig við höfum skilgreint hann eða jafnvel hvernig við látum hann stjórna okkur. „Já en Kristín, það er búið að bæta svo miklu inn í leikskólana, svo mörgum verkefnum sem við eigum að takast á við og þau taka tíma“, er sagt við mig. Ég efa ekki að þetta er satt og rétt, en hinsvegar velti ég fyrir mér ábyrgð okkar sem faghóps á því hvaða verkefni við tökum inn, á hvaða forsendum og með hvaða rökum. Spyrja má hvort leikskólakennara sem faghópur hafi ekki alltaf staðið nógu vel með sér sjálfum. Að þeir hafi að hluta gefið öðrum eftir að móta fagstarf leikskólanna. **Yfir þessu er ég hugsu þessa daga.**

Rinaldi hefur verið spurð út í gagnrýni á uppeldisfræðilegu skráningarnar, gagnrýni sem byggir á því, að með því að vera sífellt að skrá allt, sé í raun verið að svipta börn einkalífi, þau séu sífellt undir árvökulikum augum sem festi niður allt sem börnin eru að fást við, helst líka hugsanir, langanir og þrár. Rinaldi bendir á að skráningin segi jafn mikið um þann sem skráir og þann sem er skráður. Vegna þess að það hvað við veljum að skrá og hvernig við gerum það og

KD 18 apríl 2008

hvernig við túlkum skráningar, segi líka heilmikið um okkur sem fagfólk. Segi til um hvar okkar áherslur eru, hver eru gildi okkar og þá sýn eða afstöðu sem við höfum til barna. Því sé skráning í raun spegill á þann sem skráir (Dalhberg og Moss, 2007). Skráning er of dýrmætt námstæki fyrir alla, barnið, þá sem starfa í leikskólum, foreldra og samfélagið allt til að hægt sé að hafna því að þessum forsendum. En auðvitað ber að fara vel með þær.

Í samfélagi þar sem árangur og eftirlit er næsta daglegt brauð, er spurningin ekki um hvort upplýsingum er safnað, heldur miklu fremur hvernig, í hvaða tilgangi og hvað á að gera við þær. Ég trúi því að megintilgangur skráninga: sé að gefa röddum barna, hljóð, að sýna mátt þeirra og megin. Að tilgangurinn sé að þeir sem vinna með börnum geti kynnst hverju barni, dýpkað þekkingu sína á námi barna og að þeir geti skipulagt tækifæri fyrir öll börn til náms. Það er hinsvegar morgunljóst að til að hlusta á raddir barna verða leikskólakennarar að veita sér tíma. Það má vel vera að einhverjir leikskólar verði að leggjast í naflaskoðun og skoða hvernig tímanum er varið í leikskólanum. Verði að máta það sem þeir eru að gera við grundvallarhugmyndir um markmið og tilgang. Verði jafnvel að hreinsa til í uppeldisstarfinu, henda ýmsu út eða breyta.

### **Að hlusta eða elta**

Er munur á að hlusta á börn eða elta hugmyndir barna? Áður en ég kem að því vil ég fá að deila með lítilli frásögn með lesandanum, sumir geta meira að segja speglað sig í henni.

Vorið 2008 hlustaði ég á kynningu á þróunarverkefni í leikskóla. Verkefnið var hluti af samstarfsverkefni margra leikskóla til nokkurra ára og því tengt rannsóknarverkefni. Frá upphafi var ljóst að hver skóli mótaði verkefnið eftir eigin þörfum og barnahópsins. Meðal annars til að tryggja fjölbreytileika og eignarhald viðkomandi á verkinu, á náminu og þeim námstækiaerum sem þar sköpuðust. Í þessum tiltekna leikskóla sem ég ætla að nefna Ljósaland, gerðist það hinsvegar að börnin tóku völdin.

Við sem þekkjum til sögunnar um *Uppreisnina á barnaheimilinu*, kom ekkert annað í hug þegar við hlustuðum á leikskólakennara lýsa því sem gerðist. Leikskólarnir höfðu sameiginlega ákveðið að vinna að verkefni þar sem kanna átti eiginleika og möguleika vatns. Það sem gerðist á Ljósalandi er að í upphafi höfðu börnin áhuga á verkinu og unnu kappsamlega og af áhuga að því. Á einhverjum tímamarki í ferlinu virðast leikskólakennararnir hafa misst sjónar á markmiðinu og látið stjórn verkefnisins alfarið í hendur barnanna.



Börnin voru á þeim tíma afar upptekin af tölvuleikjum og teiknimyndum í sjónvarpi. Til að nýta áhuga barnanna settu leikskólakennararnir fram hugmynd við börnin að búi til spil sem tengdist vatninu. Vinnan fór á fullt og úr varð merkilegt spil sem hægt væri að nýta til að greina áhrif dægurmenningar á leik og hugmyndir barna, en vatnið, það varð að algjöru aukaatriði. Eða eins og einn þeirra leikskólakennara sem hlustaði á kynninguna sagði, „börnin af gæsku sinni gagnvart leikskólakennurunum ákváðu að leyfa vatninu að fljóta með í smá hlutverki“. Þetta var sem fyrr segir áhugavert spil sem birti vel hugarheim barnanna, en hafði ekkert með upphafleg markmið að gera, það tengdist ekkert því þróunarverkefni sem þessir leikskólakennarar höfðu skuldbundið sig til þátttöku.

En hvað átti sér stað? Það er ljóst að á Ljósalandi höfðu börnin ekki áhuga á vatninu og það sem meira er, það virðist sem kennararnir hafi ekki haft burði, vilja eða þekkingu til að fylgja verkinu eftir. Þeir virðast ekki hafa haft burði til að byggja upp eða opna fyrir áhuga barnanna á viðfangsefninu. Kennararnir voru líka mjög uppteknir af því að hlusta á börnin, en hlustun þeirra virðist aðallega hafa fólgið í því að fylgja börnum eftir og verða þjónar þeirra frekar en samverka fólk. **Einhver gæti spurt; en er þetta ekki í anda þess að hlusta á börn og fylgja hugmyndum þeirra eftir? Voru þessir leikskólakennarar ekki einmitt að standa sig?** Ég velti fyrir mér hugmyndum Dewey um það sem hann velur að kalla menntandi reynslu. Hann taldi ekki alla reynslu nauðsynlega þroskandi eða menntandi. Hann varaði við fánýtum athöfnum sem virðast hafa það sem markmið að hafa ofan af fyrir og skemmta börnum á kostnað raunverulegrar þátttöku og áhuga þeirra. Þetta sjónarmið má finna bæði í einu af höfuðritum hans *Reynsla og menntun* ((*Experience and Education*, 1938) og í *Skóli og samfélag* (*School and society*, 1943) en þar gagnrýndi hann m.a. *Kindergareten-hreyfinguna*.<sup>2</sup> Gagnrýni hans beindist að því að verið væri að leggja fyrir börn verkefni og ætlast til að þau tækju þátt í athöfnum sem ekki fullnægðu því meginmarkmiði að efla hugsun og þroska barna. Ef horft er til dæmisins hér að framan er hægt að velta fyrir sér hvort að með því að elta hugmyndir barna sé í raun verið að byggja upp nauðsynlega reynslu og stuðla að því að börn þroski hugsun sína. Eða flokkast dæmið að hluta undir það sem Dewey kallaði fánýtar athafnir? Dewey var annt um aga, ekki ytri aga heldur þann aga sem fylgir því að vinna vel og vera djúpt sokkinn í verk sín. En til að tryggja slíkan aga veður kennari líka að kunna þá list að bæði leiða og vera leiddur.

---

<sup>2</sup> Hreyfing kennd við hugmyndafræði Fröbels um leikskóla

KD 18 apríl 2008

Í rannsókn sem ég gerði á meðal íslenskra leikskólakennara spurði ég hvernig þeir færu að því að fá börn til að gera eitthvað sem þau hefðu lítinn eða engan áhuga á. Einn leikskólakennari svaraði:

... ef það er eitthvað sem við viljum að þau endilega geri ... þá bara gerir maður það spennandi. Það er ekki neitt sem við gerum hérna inni sem er ekki spennandi að gera. ... Þetta verður bara allt spennandi og við gerum okkur svo spenntar fyrir því líka. Maður getur ekki tekið eitthvað upp sem maður er ekki spenntur fyrir og þegar að við erum orðnar spenntar fyrir því og smitum þennan spenning yfir til barnanna að þá er þetta ekkert mál.

Einhvernvegin náðu leikskólakennararnir á Ljósalandi ekki að gera verkefnið spennandi, hvorki fyrir sjálfa sig eða börnin. Ég held að hluti af vandamálinu hafi verið að þeir voru of uppteknir af því að „hlusta“ á börnin. Of uppteknir að því að fylgja áhuga barnanna eftir. Kennararnir urðu í raun **þjónar barnanna** og hugmynda þeirra, **en ekki samverkafólk**. Og á því er mikill munur. Það styður ekki við lýðræði að börn upplifi sig í hlutverki brúðustjórnandans og starfsfólkið sem strengjabrúður. Það styður ekki við lýðræði, að leikskólastarfinu sé hagað á þann hátt að sópa öllum hindrunum úr vegi barna. Svo vitnað sé til Moss hér að framan verða leikskólakennara að búa yfir og getað beitt þekkingu á lýðræði til að ákveða starfshætti. Það þarf fagmennsku og þekkingu til að skoða hvaða starfsaðferðir samræmast lýðræðislegum aðferðum og það þarf stundum hugrekki til fylgja þeim. Á tímum skyndilausna í leikskólauppeldi, lausna sem byggja á skilvirkni og árangri, sem oft byggja á ytri stjórn og ytri aga getur þurft sterk bein til að standa með hugmyndum sínum og sannfæringu.

Eins og áður er komið fram er það að hlusta á börn talið eitt aðalsmerki starfsins í Reggio Emilia, jafnvel svo að sjálf segir leikskólafólkið aðspurt að í Reggio Emilia ríki uppeldisfræði hlustunnar. Með mér á kynningunni á starfinu á Ljósalandi var m.a. Amelia Gambetti uppeldisráðgjafi frá Reggio Emilia. Eftir kynninguna velti hún því upp hvernig fólk skilgreindi það, að hlusta á börn. Hún sagði frá því, að þegar hún var ungur leikskólakennari hafi hún skilið það sem svo að hún ætti að elta allar hugmyndir barnanna, fylgja hverri þeirra og reyna að gera hvert verkefni, hverja hugmynd mögulega. Einn daginn hafi hún svo áttað sig á því að börn eru ótrúlega klár, og þau hafi gert sér grein fyrir þessari trú hennar. Börnin hafi leitt hana að hverri hindruninni af fætur annarri og svo tekið U-beygju og farið í næsta verkefni og svo koll af kolli.

KD 18 apríl 2008

Hún hafi komið heim dauðþreytt eftir hlaupin. En hún hafi líka farið að hugsa; hvað merkir að hlusta á börn? Í hverju felst ábyrgð mín í hlustuninni og hver ber ábyrgð á að leiða og móta uppeldisstarfið? Hvernig fer þetta saman, að hlusta og að leiða? Hennar niðurstaða er að hlustun merki ekki einræði barna, heldur samvinnu barna og starfsfólks. Að börn og starfsfólk þurfi stundum að koma sér saman en leikskólakennarinn geti aldrei vikið sér undan ábyrgð uppeldisstarfsins. Rinaldi (2006) orðaði þetta svo að í leikskólanum stjórnaði starfsfólkið börnunum, en börnin líka starfsfólkinu, og þau þyrftu þess, vegna þess að þannig lærðu börn um stjórn, þau þyrftu að læra að taka vald af valdi, hún segir að vandmál leikskólanna sé ekki að börnin stjórni heldur að starfsfólkið hafi mun meira vald en börnin og hvernig það nýtir vald sitt. Það má spyrja hvort að leikskólakennararnir á Ljósalandi hafi ekki í raun brugðist þeirri ábyrgð sem þeim var falin? Að með því að beita valdi sínu á þann hátt sem þeir gerðu hafi þeir sýnt tiltekið ábyrgðarleysi. Sé enn litið til Dewey þá er hlutverk kennarans aðallega tvíþætt: Annarsvegar á hann að leiða barnið í gegnum flóknar götur lífsins og gefa því tækifæri til að læra á sinn eigin náttúrulega hátt, það er með því að takast á við að leysa mismunandi viðfangsefni. En kennaranum ber líka að hjálpa barninu að takast á við það sem er að gerast í daglegu lífi þeirra og sem hjálpar þeim á að takast á við það sem framtíði ber í skauti sér, framtíð sem engin getur séð fyrir. Þetta gerir hann varla með því að setja ábyrgðina á framkvæmd starfsins í hendur barnanna.

### **Að hlusta – meira um uppeldisfræðilega skráningu**

Hér að framan hef ég fjallað um mikilvægi þess að hlusta og að eitt þeirra tækja sem leikskólakennarar geta notað til þess að hlusta sé *uppeldisfræðileg skráning* eða eins og ég vel að nota í daglegu máli, skráning. Hugmyndafræði skráningar byggir fyrst og fremst á því að hlusta á raddir barna. Að fylgja hverju barni eftir **í hópi annarra barna**, að skoða styrkleika barna og nám. Til þess eru notuð ýmis tæki, fyrst og fremst eru það myndavélar og stílabókarblöð. Á meðan börnin vinna og leika sér, taka leikskólakennara myndir, skrá hjá sér tilgátur og athugasemdir barnanna. Saman skoða þeir síðan það sem fram fór, bæði með öðrum kennurum en líka með börnunum. Sá andi sem ríkir er andi forvitni og rannsókna, er andi þess að hver dagur sé nýtt undur, nýtt ævintýr. Skráning byggir á því að leikskólakennarar þjálfu næmni gagnvart atburðum daglegs lífs, leyfi sér að skoða það sama aftur og aftur í nýju og nýju ljósi. Að þeir geti skoðað sama hlutinn frá mismunandi sjónarhornum og þannig komið auga á nýjar víddir. Sem dæmi um slíka næmni ætla ég að deila með lesendum litla sögu úr Reykvískum leikskóla.

Það er fallegur vetrardagur, úti er nýfallinn snjór, í útiverunni ákveða fjórar stelpur að rannsaka snjóinn, leikskólakennari stendur á lengdar, hlustar, hlustar með öllum vitum. Stelpurnar ná sér í snjó og þær grandskoða hann. Hann er hvítur, það er skritin lykt af honum, það er kalt að koma við hann. Þetta eru þær allar sammála um. En hvað gerist ef snjóinn er hafður lengi inni?. Jú þær telja að hann bráðni vegna þess að það er heitt inni. En segir ein, ég er með hugmynd, eigum við ekki að hella heitu vatni á snjóinn? Hvað gerist þá spyr önnur. Hinar vita svarið við því, Jú snjóinn bráðnar og verður fljótandi, hann breytist bara í vatn. Hvað getum við gert fleira við snjóinn velta stelpurnar fyrir sér. Fjórdá stelpa í hópnum hefur haldið sér til hlés, nú segir hún, það er hægt að búa til te. Hinar stúlkurnar í hópnum horfa á hana eiginlega með hneykslunarsvip, og segja: „Nei, börn drekka ekki te”.

Þegar leikskólakennarinn kom inn skráði hún atvikið hjá sér og velti fyrir sér hvernig hún gæti nýtt það til áframhaldandi vinnu. Hvaða lærdóm hún sjálf gæti dregið af því. Seinna settist hún niður með öðrum leikskólakennurum og þær veltu þessu atviki fyrir sér saman. Þetta skrifaði hún hjá sér:

Stelpan sem stakk upp á því að búa til te er rússnesk. Ég er að velta því fyrir mér hvort að þarna gæti verið að koma fram menningarlegur munur. Ég velti upp spurningum eins og: Er hennar bakgrunnur öðruvísi en íslensku barnanna? Hver segir að börn geti ekki drukkið te? Getur verið að það þyki kannski alveg eðlilegt að gefa börnum te í Rússlandi? Það tíðkast kannski ekki á Íslandi að gefa börnum te, en það þýðir samt ekki að það sé eitthvað rangt við það. Er þetta ekki eitthvað sem við þurfum að fræða börn um?

Enn heldur hún áfram

Stelpurnar brugðust þannig við að þeim fannst þetta nánast fáránleg hugmynd, það var hægt að lesa úr svip þeirra og tón í röddinni. Þessi hlédræga stúlka sem hafði ekki lagt mikið til málanna fram að þessu, dró sig alveg út úr umræðunni

KD 18 apríl 2008

um snjóinn. Við veltum því fyrir okkur hvort hún hafi fundið viðmótið sem fylgdi svarinu. Voru hinar stúlkurnar í hópnum að ýta henni út á jaðarinn fyrir hugmynd sem þeim fannst ekki rétt.

Atvikið sat í þessum leikskólakennara, hún fór að velta fyrir sér hvernig hún gæti nýtt það til að vinna með menningarlegan mun í barnahópnum. Hún ræddi við foreldrið sem sagði henni að í Rússlandi sé börnum gefið te en ekki gos. Gos er álitinn óþverri fyrir börn en te gott. Leikskólakennarinn mundi líka eftir rússneskri þjóðsögu þar sem tedrykkja barna kemur fyrir. Þessa sögu ætlar hún að nota í barnahópnum. Í kring um þetta litla atvik hefur hún rætt við foreldri stelpunnar um menningarlegan bakgrunn hennar, foreldrið hefur fengið tækifæri til að miðla til leikskólans þekkingu og bent leikskólakennaranum á sögur sem hún getur notað.

Leikskólakennarinn hefur fengið efni til að vinna með barnahópnum til að byggja upp umburðarlyndi og þekkingu á meðal barnanna. Raunar er því verkefni ekki enn lokið.

Leikskólakennarinn segir að hún hafi í tengslum við þessa skráningu áttað sig á mikilvægi þeirra fyrir leikskólastarfið. Hún skrifar: „Ef þessi stund, þar sem teið kemur við sögu, hefði ekki verið skráð hefði þessi punktur sennilega alveg farið fram hjá öllum. Því hefði án efa, glatast gott tækifæri til náms.“

En það sem mér þykir merkilegast við þessa litlu skráningu er að hún er dæmi um það hvernig hægt er að hlusta á raddir barna. Bæði þeirra sem eru á jaðrinum eins og þessi litla stelpa en líka þeirra sem eru að sýna að þær hafa vald og beita því á sinn hátt eins og ég túlka að leikfélagar hennar hafi gert.

### **Að lokum**

Leikskólakennara sem ætla að tryggja nauðsynleg skilyrði sem mynda *kjarna mennskunnar* verða að vera meðvitaðir um grunngildi lýðræðis og hvernig þeir geta stuðlað að þeim. Þeir verða að hafa **hugrekki og kærleika** til að standa með sjálfum sér og hugmyndum sínum. Þeir verða að viðurkenna að hvert barn er barn nú-sins en jafnframt barn bæði fortíðar og framtíðar. Að það er hlutverk leikskólakennara að kenna börnum að beita því tæki bæði í nútíð og framtíð sem lýðræðisleg vinnubrögð byggja á.